

Nd.

64. Tillaga

til þingsályktunar um aðgerð á brimbrjótnum í Bolungavík.

Frá Vilmundi Jónssyni.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja allt að 20 þús. kr., gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að, til fullnaðaraðgerðar á brimbrjótnum í Bolungavík, ef sú aðgerð telst nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir alvarlegar skemmdir á þessu mannvirki.

G r e i n a r g e r ð.

Brimbrjóturinn í Bolungavík liggur undir mjög alvarlegum skemmdum, þannig, að yfirvofandi er, að grjótfylltur steinnökkvi, sem er yzti hluti hans, brotni að meira eða minna leyti framan af honum og berist upp í vörina. Yrði

það ekki eingöngu stórkostleg skemmd á mannvirki þessu, sem kostað hefir of-fjár, heldur mundi lendingin og gereyðileggjast, og er óútreiknanlegt, hvað kosta mundi að lagfæra það. En undir þessari lendingu er komin tilvera Bolungavíkur, eins hins fiskisælasta sjávarþorps hér á landi.

Í meðfylgjandi tveimur fylgiskjölum er gerð nánari grein fyrir máli þessu, hver hættu er hér á ferðum, og hversu henni megi afstýra.

Fylgiskjal I.

Bolungavík, 31. marz 1933.

Hreppsnefnd Hólshrepps hefir falið þingmanni kjördæmisins að sækja um allt að kr. 20000.00 — tuttugu þúsund króna — styrk til viðgerðar á öldubrjótnum í Bolungavík á yfirstandandi ári.

Með því að ég veit, að umsagnar yðar, herra vitamálastjóri, verður leitað um styrkveitingu þessa, leyfi ég mér hér með að skýra yður frá því, að það, sem hreppsnefndin telur nauðsynlegt að gera þurfi á þessu ári og ekki megi dragast lengur, er:

1. Að steypa plötu yfir fremsta hluta „legtarans“ í framhaldi af því, sem áður hefir verið gert. Yrði hún að stærð ca. 30 x 9 m. og 1 til 1½ m. á þykkt.
2. Sökkva grjóti niður meðfram allri síðu „legtarans“ utanverðri, þannig að rústin næði allt að því í fulla sjávarhæð, með halla ca. 1:2, og steypa um 60 steinblokkir að stærð 2 x 1½ x 0,70 m., er látnar væru falla þar á ofan, til þess að fyrirbyggja, að öldurótið nái að dreifa úr rústinni. Virðist þetta vera eftir þeirri reynslu, sem fengin er, það bezta til hlífðar og styrktar „legtaranum“.
3. Fylla fyrir hellismunnann í „gamla brjótnum“, sem allt of lengi hefir dregizt.
4. Reka niður staura (friholt) meðfram innri síðu „legtarans“ í framhaldi af því, sem áður hefir verið gert, til þess að hlífa honum við höggum, er skip leggjast að honum.

Það hefir verið áhyggjuefni okkur Bolvíkingum að vita af „legtaranum“ svo sem hann er nú, og að hafa ekki haft fjármagn til þess að styrkja hann eins og nauðsyn er á. Enda hýst ég við, að ekki séu skiptar skoðanir þeirra, er til þekkja, að ekki getur verið um að ræða nema mjög stutt tímabil, sem hann getur staðið án verulegrar aðgerðar, líkri því, sem nú er fyrirhuguð. Hér er eins og kunnugt er um örþunnt hylki að ræða, mjög verulega sprungið og fyllt með lausu grjóti. Og þegar þess er gætt, að það á að standast gifurlegt hafrót, hafis og önnur áföll, má þakka það meira láni en forsjá, að ekki hefir illa farið.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að lífsbjargarvegur héraðsins (fiski-veiðarnar) byggist á því, að öldubrjóturinn standi. Og fari svo, að „legtarinn“, sem nú er ótryggastur, brotni og skoli að meira eða minna leyti inn fyrir, og grjótinu úr honum, mundi það gereyðileggja þá lendingu (brimbrjótsvörina), sem búið er að verja jafnvel hundr. þúsunda króna til að bæta og sem svo að segja allur skipastóll þorpsins hefir nú aðsetur í.

Vér höfum gert ráð fyrir, að járnþent yrði vel platan yfir „legtaranum“, eins og gert var á efri hluta hans, og ennfremur steinblokkirnar, sem einnig eru

hugsáðar tengdar saman með járnum eða keðju, þrjár og þrjár eða jafnvel fleiri, til þess að öldugangur nái síður að róta þeim til. Annars verður verkið að sjálfsgöngu framkvæmt í samráði við yður.

Er þess vænt, að þér, herra vitamálastjóri, lítið á þörf vora á því að koma þessu verki í framkvæmd, og að þér með það fyrir augum sjáið yður fært að mæla með umbeðnum styrk.

Virðingarfyllt.

Oddviti Hólshrepps:
Jóh. Teitsson.

Til
vitamálastjórans, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

VITAMÁLASTJÓRINN.

Reykjavík, 21. apríl 1933.

Frá hreppsnefnd Bolungavíkur hefir mér borizt meðfylgjandi erindi, þar sem hún fer fram á 20000 kr. styrk til viðgerðar á brimgarðinum, gegn jafnmiklu framlagi frá nefndinni.

Í tilefni af þessu hefi ég gert áætlun um, hvað vænta megi, að fullnaðaraðgerð á garðinum muni kosta, sérstaklega með tilliti til nökkvans. Eins og kunnugt er, var hann, á móti tillögu minni á sinum tíma, settur út, alveg eins og hann var, án þess að nokkuð það væri gert, sem þó var alveg nauðsynlegt til að styrkja botn og vegg hans til þess að hann geti enzt. Nú virðast Bolvíkingar hafa sannfærzt um, að bráð nauðsyn sé á að tryggja nökkvann á þann hátt, sem ég gerði tillögu um, og þeir sjá nú, hvað er í veði, ef nökkvinn liðaðist í sundur.

Eg er nefndinni fyllilega sammála um nauðsynina, eins og ég raunar alltaf hefi verið, og vil ég því mæla með, að þeim verði veittar 20000 kr., gegn jafnmiklu tillagi frá hreppnum, enda mun fullnaðaraðgerð samkvæmt áætlun minni kosta mjög nálægt 40000 kr.

Til frekari skýringar sendi ég skýrslu oddvitans um aðgerð á öldubrjótnum 1932.

Th. Krabbe.

Til
fjárveitinganefndar Ed. Alþingis, hér.